



Fjölbrotaskóli
Suðurlands

Lífeðlis- og líffærafræði

LÍOL2SS05

Kennsluáætlun vorönn 2025

Kennari/ar: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍÐ

Kennslugögn:

1. Líffæra- og lífeðlisfræði I. bindi. Regína Stefnisdóttir (IÐNÚ 1995).
2. Human Anatomy Coloring Book.
3. Glærur, skyggjur, ljósrít. Nánar kynnt í kennslustundum.

Lýsing

Farið er í grundvallarhugtök líffærafræðinnar út frá latneskri nafngiftafræði og lífeðlisfræðileg ferli útskýrð. Fjallað er um svæðaskiptingu líkamans, áttir, líkamshol, skipulagsstig, byggingu og starfsemi frumna og vefja, flutning efna yfir himnur, jafnvægishneigð og afturvirk kerfi. Farið er í byggingu og starfsemi þekjukerfis: lagskipting húðar og líffæri; beinakerfis: beinmyndun, flokkun beina, beinagrind, brjósk, liðir og hreyfingar; vöðvakerfis: innri og ytri gerð vöðva, vöðvasamdráttur, helstu vöðvar líkamans; taugakerfis: taugavefur, taugaboð, taugaboðefni, flokkun taugakerfis og starfsemi, skynfæri og skynjun; innkirtlakerfis: innkirtlar og virkni hormóna.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ☐ þeirri frumstarfsemi sem liggur til grundvallar allri líkamsstarfsemi
- ☐ starfsemi afturvirkra kerfa og grundvallaratriðum í lífeðlisfræðilegum ferlum
- ☐ latneskum grundvallarhugtökum líffærafræðinnar
- ☐ ytri og innri gerð líffæra þeirra líffærakerfa sem fjallað er um og latnesk heiti þar að lútandi
- ☐ starfsemi þeirra líffærakerfa sem fjallað er um

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ☐ nota latnesk heiti við að lýsa afstöðu líffæra og líffærahluta
- ☐ rekja og útskýra meginþætti lífeðlisfræðilegra ferla
- ☐ tengja byggingu líffæra- og líffærahluta við starfsemi þeirra
- ☐ vinna með heimildir sem tengjast líffæra- og lífeðlisfræði

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ☐ nýta þekkingu sína og leikni í líffæra- og lífeðlisfræði í öðrum námsgreinum
- ☐ geta sýnt fram á hvernig lífshættir geta haft áhrif á heilbrigði líkamans

Kennsluform:

Fyrirlestrar og umræða um námsefnið, heimaverkefni og tímaverkefni.

Námsmat:

Skriflegt próf í lok annar. Vægi: 70%

Verkefni og hlutapróf. Vægi: 30%.

Nemendur verða að skila 90% verkefna innan tímaramma og standast kröfur skólans um mætingu. Nema um annað sé samið.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga

Áætlun annarinnar

Vikur/dags.	Hugtök og efnisþættir	Lesefni
1. vika 15.1 -17.01	Kynning á námsefni. Frumur og vefir	3. kafli
2. vika 20.-24.1	Frumur og vefir	3.kafli
3. vika 27.-31.1	Þekjakerfið	4. kafli
4. vika 03.2- 07.2	Þekjakerfið	4. kafli
5. vika 10.2-14.2	Bein og liðir	5. kafli
6. vika 17.2-21.2	Bein og liðir	5. kafli
7. vika 03.3-07.3	Vöðvar	6. kafli
8. vika 10.3-14.3	Vöðvar	6. kafli
9. vika 17.3.-21.3	Verkefnavinna í vöðvum og beinum	6. kafli
10. vika 24.3.-28.3	Hlutverk tauga- og miðtaugakerfis Könnun	7.kafli
11 vika 31.3-04.4	Úttaugakerfið	8. kafli
12. vika 07.4-11.4	Úttaugakerfið	8.kafli
13.vika 14.4-18.4	Páskafrí 12.4-21.4	
14. vika 23.4-02.5	Skynfæri	9.kafli
15.vika 05.5-09.5	Innkirtlakerfið	10.kafli
16. vika 12.5.-16.5	Innkirtlakerfið og upprifjun	10. kafli

Kennari áskilur sér rétt til breytinga

Commented [ÍÞ1]:

Commented [ÍÞ2]: